9
8. jan.

Reglugjörð

um einkasölu landsstjórnarinnar á kolum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 5, 1. nóvember 1917. um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðuráfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Landsstjórnin tekur fyrst um sinn, þangað til öðruvísi verður ákveðið, í sínar hendur alla verslun á útlendum kolum í landinu.

2. gr.

Á meðan landsstjórnin hefir kolaverslunina í sínum höndum, er kaupmönnum, fjelögum svo og einstökum mönnum bannað að flytja til landsins kol frá útlöndum svo og að selja kol, sem flutt hafa verið til landsins gagnstætt ákvæðum þessarar reglugjörðar.

Þó er skipum, sem koma frá útlöndum, heimilt að hafa meðferðis kolabirgðir til notkunar eingöngu á skipunum sjálfum. Heimilt er og þeim, sem eiga kolabirgðir hjer á landi, þegar reglugjörð þessi öðlast gildi, að selja þær á þann hátt, er þeir óska.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 100,000 kr.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 8. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.